



**Bolluvertíðin hafin** Í dag er bolludagur haldinn hátíðlegur þó eflaust hafi margir tekið forskot á séluna um helgina og gætt sér á rjómobollu. Að minnsta kosti var fullt út úr dyrum í bakaríum landsins í gær. Þar á meðal í Bakarameistarunum í Suðurverri en þar eru bakaðar um fimmtíu þúsund bollur í kringum þennan annasama dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fé útlendinga verið haldlagt 26 sinnum

Ríkislögreglustjóri hefur heimild í útlendingalögum til leggja hald á lausafé og gjaldeyri útlendinga sem koma til landsins ólöglega.

**INNFLYTJENDAMÁL** Embætti ríkislögreglustjóra hefur 26 sinnum á árunum 2005 til 2014 beitt heimild í útlendingalögum til að taka fjármuni eða flugmiða af útlendingum sem sendir eru úr landi.

Um er að ræða 2.550.923 krónur sem runnið hafa í ríkissjóð. Þetta kemur fram í svari við fyrirspurn

Fréttablaðsins til embættis ríkislögreglustjóra.

Haldlagt fé er til dæmis lausafé eða gjaldeyri sem útlendingur er með í förum sínum þegar lögregla hefur afskipti af útlendingi eða þegar málsmeðferð hefst.

Fjármunirnir sem hér er ræðir eru ekki peningar sem krafist er

# 2,5

milljónir króna hafa verið haldlagðar hjá útlendingum frá 2005 til 2014.

eftir á, til að mynda í gegn um útgáfu skuldaviðurkenningar.

56. grein útlendingalaga kveður á um að útlendingum sem vísað er úr landi sé skylt að greiða fyrir eigin flugfargjöld. Í lögnum segir enn fremur að „Lögreglunni er heimilt að leggja hald á farseðla sem finnast í förum útlendingans til notk-

unar við brottför. Sama gildir um fjármuni til greiðslu á kröfu vegna kostnaðar við brottför og gæslu samkvæmt ákvæði þessu.“

Um þessar mundir er unnið að endurskoðun útlendingalaga en í nýjum lagadrögum eru enn ríkar heimildir til þess að gera fjármuni upptæka af útlendingum. – srs

### Uppáhaldsdagur Bjössa bollu

**LÍFIÐ** „Taktu eina bollu, settu mikinn rjóma og súkkulaði ofan á. Svo er mikill rabbarasultu smeltt á milli með rjómanum, nammnamm, og borðist hratt og næstu fimm bollur eru svo framreiddar og étnar alveg eins,“ segir Bjössi bolla um uppáhalds rjómobolluuppskriftina sína.

Bjössi ætlar að þræða bæjarhátiðirnar í sumar ásamt Bjarna töframanni. Magnús Ólafsson leikari hefur léð Bjössa bollu rödd sína í riflega þrjátíu ár.

– ga / sjá síðu 32



### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Andri skrifar um áfengis-sölu í verslunum. **14-17**

**SPORT** Aníta nýtti sér vel æfingafæðina til Suður-Afríku. **18**



**MENNING** Brynhildur Björnsdóttir gefur bókinni Tvöfalt gler fullt hús stjarna. **24**

**LÍFIÐ** Ljósmyndarinn Mick Rock gerði stjórnurnar ódauðlegar í gegnum myndavélarlinsuna. **58-62**

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ • FÓLK**  
\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## ÖSKUDAGS- BÚNINGAR

### OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

Finndu okkur á

**PARTÝBÚÐIN**

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Vertu laus við  
**LÍÐVERKINA!**




**NUTRILENK™  
GOLD**

**ÖSKUDAGS-  
FÓKUS!**



**HOKUS  
POKUS**  
hokuspokus.is

## Veður



Áfram norðaustan 10-18 vestan til á landinu í dag en annars norðan og norðvestan 10-23, hvassast á sunnanverðum Austfjörðum og sunnan Vatnajökuls. Él fyrir norðan og austan, en skýjað með köflum sunnanlands. Viða talsvert frost á morgun. **SJÁ SÍÐU 22**

## Semja við forstjóra OR um laun

**KJARAMÁL** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti á síðasta fundi sínum að gefa Haraldi Flosa Tryggvasyni stjórnarformanni umboð til að „endurskoða og endursemja“ um laun Bjarna Bjarnasonar, forstjóra fyrirtækisins.

Fram kemur í fundargerð stjórnar OR að semja eigi við Bjarna „innan ramma tillagna starfskjarnefndar OR“. Fréttablaðið óskaði eftir því við fyrirtækið að fá afrit af þessum tillögum en var sýnað.


„Í minnisblaðinu, sem er vinnuskjal á þessu stigi, er að finna tillögur sem enn hafa ekki verið samþykktar. Að auki er þar að finna atriði sem líta verður á sem trúnaðarmál vegna hagsmuna einstaklingsins sem um ræðir,“ segir í svari frá Orkuveitunni. Þegar fyrir liggur samþykkt á heildarkjörum forstjórans verði upplýst um hver þau verða í samræmi við þá grein upplýsingalaga sem kveður á um rétt almennings til vitneskju um laun æðstu stjórnenda.

Í lok febrúar í fyrra sagði Fréttablaðið frá því að laun forstjóra Orkuveitunnar hefðu verið hækkuð í 2,4 milljónir króna. Haft var eftir Haraldi Flosa stjórnarformanni að þeirri stefnu væru fylgt að laun stjórnenda OR stæðust samanburð við sambærileg störf þótt kjörin ættu ekki að vera „leiðandi“ á markaðnum. – gar

# 2,4

milljónir króna voru laun forstjóra Orkuveitunnar hækkuð í fyrir tæpu ári.

## Sultuslakur í stangarstökki



ÍR-ingurinn Jón Gunnar Björnsson sveif áreynslulaust yfir stöngina á störmóti ÍR í frjálsum íþróttum sem haldið var um helgina. Þó nokkur mótsmet féllu á mótinu og Aníta Hinriksdóttir setti Íslandsmet í flokki 20 til 22 ára þegar hún hljóp 400 metrana á 54,21 sekúndu. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

## Hlaupahjól stöðust fæst skoðun

**NEYTENDUR** Yfir 94 prósent af hlaupahjólum sem send voru til sérstakrar skoðunar í Frakklandi reyndust ekki í lagi, að því er fram kemur á vef Neytendastofu.

Skoðuð voru yfir 5.000 hlaupahjól og úr þeim voru valin um 700 hjól sem skoðuð voru nánar og af þeim tekin eintök sem send voru til prófunar í Frakklandi. Tvö leikfangahlaupahjól af 49 stöðust skoðun og tvö sporthlaupahjól af 20. „Ekkert hlaupahjól var með það mikinn galla að það þurfti að innkalla það,“ segir á vef Neytendastofu.

Meiri kröfur eru gerðar til sporthlaupahjóna þar sem ætlað er að álagið á þeim hjólum sé meira heldur en á leikföngum. – óká

# Meðlag hækkar um tíu prósent á milli ára

Samtök umgengnisforeldra vilja að tekinn verði upp skattaafsláttur til að hvetja meðlagsgreiðendur til að borga með börnum sínum. Hæsta krónutöluhækkun meðlags í tíu ár varð um áramótin. Karlar í miklum meirihluta meðlagsgreiðenda.


**VELFERÐARMÁL** Upphæð meðlags hækkaði um níu prósent um áramótin síðustu í takt við hækkaðan barnalífeyri. Hækkunin nemur ríflega 2.600 krónum sem er hæsta krónutöluhækkun meðlags í tíu ár.

Gunnar Kristinn Þórðarson, framkvæmdastjóri Samtaka umgengnisforeldra, segir að hækkunin sé óþarflega há því á sama tíma sé verðbólga um tvö prósent. „Þetta er mjög óheppilegt og endurspeglar að þegar troðið er í velferðarkalkúlinn þá skerðast hagsmunir meðlagsgreiðenda, því þeir standa fyrir utan kerfið. Þegar þú hækkar bætur þá vænkast hagsmunir allra þeirra sem þurfa á opinberri aðstoð að halda nema meðlagsgreiðenda,“ segir Gunnar. Upphæð meðlags fylgir fjárhæð barnalífeyris. Þó er hægt að úrskurða um herra meðlag en þá er það móttakandi meðlags sem innheimtir mismuninn.

Upphæð meðlags nemur nú 29.469 krónum sem greiðist með hverju barni fyrir sig. Upphæðin getur því hæglega nálgast hundrad þúsund krónur á mánuði ef greitt er með þremur börnum. Samkvæmt tölum frá Innheimtustofnun sveitarfélaga fyrir árið 2014 hefur börnum sem greitt er með fækkað á milli ára. Árið 2009 var greitt meðlag með 21.417 börnum á Íslandi en árið 2014 hefur börnunum fækkað í 19.423. Þetta rímar við að jöfn umgengni foreldra er að ryðja sér rúms í enn frekari mæli og þá er sjaldnar farið fram á meðlag.

Gunnar segir að staðan sé skökk því umgengnisforeldrar eiga ekki rétt á barnabótum. „Þegar það á að

### Upphæð meðlags 2008 - 2016



Þetta er mjög óheppilegt og endurspeglar að þegar troðið er í velferðarkalkúlinn þá skerðast hagsmunir meðlagsgreiðenda, því þeir standa fyrir utan kerfið.



Gunnar Kristinn Þórðarson, framkvæmdastjóri Samtaka umgengnisforeldra

sýna aðhald í velferðarmálum, þá er komið til móts við almenning með því að hækka barnabætur.“

Hann segir að Samtök umgengnisforeldra vilji sjá breytingar á kerfinu til að koma til móts við meðlagsgreiðendur. Hann leggur til að tekinn verði upp skattaafsláttur fyrir meðlagsgreiðendur. Með þeim hætti verði greiðslur ekki skertar til lögheimilisforeldra en umgengnisforeldrar hvattir frekar til að sinna skyldum sínum.

Árið 2015 var 11.491 kona skráð einstæð með börn á móti 1.137 einstæðum körlum. Meðlagsgreiðendur eru í miklum meirihluta karlar. **snaeros@frettabladid.is**

## Andlitskrem fyrir þurra húð



- Engir parabenar
- Engin ilmeftni
- Engin litarefni

Fæst í apótekum

**DECUBAL**  
EXPERT CARE FOR DRY SKIN

**Actavis**



**HÚSASMIÐJAN**



# Lækkum verð á byggingavörum

## Byggjum á betra verði

Á síðasta ári fagnaði Húsasmiðjan afnámi vörugjalda með því að lækka verð á parketi, flísum, hreinlætistækjum, gipsplötum, heimilistækjum, ljósum og öðrum vörum sem áður báru vörugjöld.

**Nú gerum við enn betur og lækkum listaverðið um allt að 20% á helstu byggingavörum, svo sem timbri, plötum, einangrun, stáli, skrúfum og festingum.**

Með þessu leggur Húsasmiðjan sitt af mörkum til að lækka byggingakostnað enn frekar og auðvelda neytendum að byggja á betra verði.



FYLGSTU MEÐ OKKUR

525 3000 | [www.husa.is](http://www.husa.is)



LAND ROVER DISCOVERY

# FARÐU ALLA LEIÐ



ABOVE & BEYOND

Land Rover Discovery hefur slegið í gegn um allan heim. Hann er ekki einungis einstaklega fallegur jeppi heldur er hann tæknilega fullkominn og hannaður fyrir ferðalagið og fjölskylduna. Farangursrými er eitt það allra mesta sem um getur eða 1192 lítrar auk þess sem hann er fánlegur 7 sæta.

Discovery sameinar betur en nokkur annar jeppi fullkomið notagildi og hæfni til að takast á við erfiðar akstursaðstæður. Þannig er dráttargeta 3500 kg og vaðdýpt 70 cm. Discovery er með öfluga 210 hestafla vél, mjög sparneytinn eða frá 8,8 l/100 km í blönduðum akstri og búinn loftpúðafjöðrun á öllum hjólum ásamt hinu rómaða Terrain Response drifbúnaðarkerfi. Verið velkomin í reynsluakstur.

[www.landrover.is](http://www.landrover.is)



ENNEEM / SIA / NM09139

Land Rover Discovery S kostar frá 11.390.000 kr. með 210 hestafla dísilvél sem togar 520 Nm og eyðir einungis 8,8 l/100 km í blönduðum akstri miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun.

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



## ISIS-menn handteknir

**SPÁNN** Sjö menn voru handteknir í Valencia og Alicante í gær grunaðir um að vera hliðhollir hryðjuverkamtökunum ISIS. Að sögn spænskra yfirvalda hafði rannsókn á skipulögðum hópum tengdum ISIS staðið yfir frá árinu 2014.

Samkvæmt frétt CNN eru mennirnir grunaðir um að hafa útvegað hryðjuverkamönnum í Sýrlandi og Írak vopn og sprengiefni. Sendingarnar voru dulbúnar sem neyðarvistir.

Spænsk yfirvöld hafa gefið það út að leiðtogi manna hafi verið í stöðugu sambandi við meðlim ISIS í Sýrlandi en sá hafi sífellt reynt að fá hann til að fá konur til liðs við samtökin til að giftast körlum við víglínuna.

Fimm manna eru spænskir ríkisborgarar en eru af sýrlenskum, jórdönskum og marokkóskum uppruna. — snæ

### BEDIÐ VELVIRÐINGAR

*Bedist er afsökunar á mistökum sem gerð voru við uppsetningu á andlátstill kynningu Sveins H. Ragnarssonar í blaðinu síðastliðinn laugardag.*

### ÁRÉTTING

**Eftirlaunin sem hækkuðu**  
Áréttað skal að frétt í blaðinu á föstudag með fyrirspurninni „Laun hækkast um 38%“ fjallaði, eins og fram kom í fréttinni, um að eftirlaun dómara hefðu hækkast um 38 prósent í fyrra.

## Trúðarnir mættir til trúarathafnar



Trúðslæti í messu Meðlimir í alþjóðasambandi trúða komu saman til trúðslegrar messu í London í gær. Það gerðu þeir til að heiðra föður nútíma-trúðsins, Joseph Grimaldi, sem lést árið 1837. Þetta er í sjötugasta skipti sem trúðarnir koma saman og heiðra föður sinn. NORDICPHOTOS/AFP

# Sviss gæti orðið fyrsta landið í heimi til að innleiða laun fyrir alla borgara

Fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga Pírata um borgaralaun. Dæmi sýna að launin geti hækkast og bætt heilsu.

**VELFERÐARMÁL** Þann fimmta júní næstkomandi ganga Svisslendingsar að kjörborðinu til að kjósa um skilyrðislausu grunnframfærslu eða svokölluð borgaralaun. Ef tillagan yrði samþykkt yrði Sviss fyrsta ríkið í heiminum til að bjóða upp á borgaralaun.

Þjóðaratkvæðagreiðslan er í reynd breyting á stjórnarskrá Sviss þar sem öllum borgurum yrði tryggð ákveðin lágmarksframfærsla óháð stöðu. Tillagan sem liggur fyrir er upp á 2.500 svissneska franka í framfærslu eða 320 þúsund íslenskar krónur.

Í skoðanakönnun fyrirtækisins Demoscope segir meirihluti Sviss-

lendinga að þeir myndu halda áfram vinnu þrátt fyrir að fá borgaralaun, einungis tvö prósent sögðust ætla að hætta að vinna. Þá voru 54 prósent sem sögðust vilja nýta aukatekjurnar til að ná sér í frekari menntun.

Píratar hafa lagt fram þingsályktunartillögu á Alþingi sem sviþar til þeirrar sem fer í atkvæðagreiðslu í Sviss. Tillagan býður ekki upp á útfærslu heldur er félagsmálaráðherra falið að útfæra hugmyndina.

Halldóra Mogensen, varaþingmaður Pírata er flutningsmaður tillögunnar, segir það vera þess virði að sjá útfærsluna og meta hvort hún

Þar kom í ljós er að fólk var ekkert að hætta að vinna. Það var það sem fólk var svo hrætt við, að þetta myndi hafa mikil áhrif á vinnumarkaðinn.

Halldóra Mogensen,  
varaþingmaður  
Pírata



væri samfélaginu til bóta.

„Þetta er spennandi hugmynd,“ segir hún. „Það er þess virði að skoða hvort þetta gæti verið ódýrara fyrir okkur.“

Hún visar í tilraun sem var framkvæmd í bænum Dauphin í Manitoba-fylki í Kanada á árunum 1974 til 1979. Þar á bæ var boðið upp á borgaralaun og niðurstöðurnar fólu meðal annars í sér að fólk treysti menntun sína auk þess sem útgjöld vegna heilbrigðismála drögust saman.

„Þar kom í ljós er að fólk var ekkert að hætta að vinna. Það var það sem fólk var svo hrætt við, að þetta myndi

hafa mikil áhrif á vinnuarkaðinn. Eina fólkið sem hætti að vinna var í raun og veru ungt fólk sem fór frekar í nám og kom þá seinna inn á vinnuarkað sterka. Og svo nýbakaðar mæður sem vildu fá að sinna börnunum sínum betur,“ segir Halldóra.

Þá fækkaði heimsóknum í heilbrigðiskerfinu í Dauphin um 8,5 prósent. Halldóra segir þetta einnig geta komið í veg fyrir að fólk þurfi að þræla sér út til að ná endum saman. Í staðinn fær fólk svigrúm til að huga að sjálfru sér, til dæmis með því að sækja sér menntun eða sinna ahugamálum. [stefanrafn@frettabladid.is](mailto:stefanrafn@frettabladid.is)



**10% afsláttur** af bollum gegn framvísun þessa miða. Gildir til 8. febrúar 2016.

**BJÖRNBAKARI**  
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	8.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35 • Fálkagata 18 • Langahlíð • Dalbraut 1



Gloria studdi Hillary Clinton árið 2008. NORDICPHOTOS/AFP

## Segir konur styðja Bernie Sanders til að heilla karla

**BANDARÍKIN** Gloria Steinem, baráttukona fyrir auknum kvenréttindum, sagði á föstudaginn að ástæða þess að stjórnmálamaðurinn Bernie Sanders hlýti gott fylgi ungra kvenna væri sú að þær vildu ganga í augun á ungun karlmönnum.

Ummælin lét hún falla í spjallþætti Bills Maher á HBO.

„Og þegar þú hugsar með þér:

„Hvar eru strákarnir? Strákarnir eru hjá Bernie“,“ sagði hún.

Steinem studdi Hillary Clinton opinberlega árið 2008 í forkosningunni gegn Barack Obama.

Bernie Sanders er afar vinsæll meðal ungra kjósenda en í forvalinu í Iowa hlaut hann 84 prósent fylgi kjósenda á aldrinum 18 til 29 ára. — srs

# ESTÉE LAUDER

Glæsilegur kaupauki\* fyrir þig ef þú kaupir tvær eða fleiri vörur frá Estée Lauder í snyrtivörudeildum Hagkaups dagana 8. - 10. febrúar.

## Kaupaukinn inniheldur:

### Advanced Night Repair

– viðgerðardropa 7ml

### Nýtt : NightWear Detox Crème

– næturkrem fyrir allar húðgerðir úr DayWear línunni, 15ml

### Nýtt: NightWear Plus 3 minuteDetox Mask

– hreinsandi maska, 7ml

### Perfectly Clean Foam Cleanser

– froðuhreinsi, 30ml

### Pure Color Lipstick

– varalit , litur melon, fulla stærð

### Little Black Primer

– maskara og regnvörn fyrir augnahár, 2.8ml

### Modern Muse Le Rouge

– nýtt ilmvatn, 4ml

### Fallega snyrtitösku

\*meðan birgðir endast



20% afsláttur af öllum kremum úr DayWear línunni mánudag - miðvikudags

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

**Rafhitarar**  
í skip, hús og sumarhús

**Ryðfrír**  
**neysluvatnshitagar**  
með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar,  
hitastýringar og flest annað  
til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem  
viðkemur rafhitun.



**Rafhitun**

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði  
Sími: 565 3265  
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...  
Foreldrar bera megin  
ábyrgð á að skila  
að líkamlegum, andlegum  
og félagslegum  
þroska barna sinna.

Ábendingahappinn má  
finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



TEYMA ÖVEIGANDI  
EIN ÖLSUETT EFIN  
A NETU

SAFT



Öryrkjabandalag Íslands kvartaði yfir greiðsluþáttökukerfinu til Samkeppniseftirlitsins árið 2013.

# Lyfsali vill veita afslátt af hluta sjúklingsins

Samkeppniseftirlitið telur fyrirkomulag greiðsluþátttöku lyfja Sjúkratrygginga ekki hamla samkeppni. Lyfsali Garðsapóteks og umboðsmaður Alþingis eru ósammála. Heilbrigðisráðherra fagnar niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins.

**STJÓRNSÝSLA** Samkeppniseftirlitið segir reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði ekki minnka samkeppnishvata lyfsala á Íslandi.

Öryrkjabandalag Íslands kvartaði til Samkeppniseftirlitsins árið 2013 um að kerfið væri andstætt samkeppnislögum. Umboðsmaður alþingis telur reglugerðina hinsvegar ekki eiga sér lagastöð.

Öryrkjabandalagið taldi reglugerð um greiðsluþátttöku standa í vegi fyrir samkeppni vegna þess að afslættir sem apótek veittu viðskiptavinum rynnu að megninu til til Sjúkratrygginga Íslands. Með því væri hvatinn til afsláttarkjara til sjúklunga orðinn að engu. Samkeppniseftirlitið er ekki sammála þessari túlkun og segir nýja kerfið hafa aukið jafnræði milli sjúklunga.

Haukur Ingason, apótekari í Garðsapóteki, segir málið einfalt. „Ég vil geta gefið afslátt af hlut sjúklings. Í núverandi kerfi get ég það

Sé það afstaða stjórnvalda að sú aðferð sem viðhöfð er nú sé æskileg vegna framkvæmdar á þessum málum tel ég að leita þurfi eftir viðbrögðum Alþingis við lagabreytingum þar um

Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis



hins vegar ekki þar sem sjúkratryggingar byrja á að lækka greiðsluþátttökuvæðingum um leið og ég slæ inn afslátt. Það er byggt á heimild í reglugerð sem umboðsmaður

segir ekki hafa nokkra lagastöð. Þessu þarf að breyta hið snarasta og sjúkratryggingar þurfa að taka mið af þessu áliti umboðsmanns," segir Haukur.

Umboðsmaður gaf út álit sitt á kerfinu í lok síðasta árs. Kemst hann að þeirri niðurstöðu að aðferð sjúkratrygginga byggji ekki á neinni lagastöð. „Sé það afstaða stjórnvalda að sú aðferð sem viðhöfð er nú sé æskileg vegna framkvæmdar á þessum málum tel ég að leita þurfi eftir viðbrögðum Alþingis við lagabreytingum þar um," segir í áliti umboðsmanns.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segist fagna niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins á heimasíðu velferðarráðuneytisins. Þar komi fram skýrt álit þess efnis að lyfjagreiðslukerfið hafi stuðlað að auknum jöfnuði meðal lyfjanotenda og bætt hag þeirra sem mest þurfa á lyfjum að halda.

[sveinn@frettabladid.is](mailto:sveinn@frettabladid.is)


## Stæði verða gjaldskyld vegna fleiri íbúa

**SAMGÖNGUR** Til stendur að gera bílastæðin í Brautarholti, Skipholti og næsta nágrenni gjaldskyld.

Fram kemur í bréfi Reykjavíkurborgar til íbúa að töluverðar byggingaframkvæmdir séu á svæðinu með allmikilli fjölgun íbúa í nágrenninu. Tilgangurinn með gjaldskyldunni sé meðal annars að skapa auknið svigrúm fyrir bifreiðar íbúa. Reynslan sýni að með gjaldskyldu sé hægt að hafa veruleg áhrif á hverjir nota tiltekin bílastæði og í hvaða tilgangi.

Gjaldskyldan hefur ekki áhrif á íbúa með lögheimili við götu þar sem bílastæði eru gjaldskyld ef þeir eru ekki með bílastæði á lóð sinni. Þeir eiga þess kost að sækja um bílastæðakort íbúa. Þau veita heimild til að leggja einni bifreið án endurgjalds í gjaldskyld bílastæði innan þess svæðis sem íbúakortit tekur til. – sg

### ☞ Ný gjaldskyld bílastæði



● Ný gjaldsvæði ● Núverandi gjaldskylda

**Við sjáum um**  
**viðburði af öllum**  
**stærðum og gerðum**

Hafðu samband!

**g-events**  
| Viðburðapjónusta |

Sími 527 0777 | [g@g-events.is](mailto:g@g-events.is) | [g-events.is](http://g-events.is)



**Þróunarsjóður námsgagna**  
auglýsir eftir  
umsóknum um styrki

**Umsóknarfrestur til 10. mars 2016**

Hlutverk þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla í því markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla.

*Forgangsatriði þróunarsjóðs námsgagna fyrir árið 2016 er nýting stafrænnar tækni til að efla lestur og lesskilning, sem og nýsköpun í list- og tæknigreinum.*

Stefna sjóðsins er að námsefnið sem styrkt er verði gefið út með rafrænum hætti og gert aðgengilegt á netinu, þegar við á.

Opnað verður fyrir umsóknir 8. febrúar 2016.  
Hægt er að skila umsóknum til 10. mars  
2016 kl. 16.00.

Umsóknargögn er að finna á  
[www.rannis.is](http://www.rannis.is) og skal þeim skilað  
á rafrænu formi.



# SALTKJÖT OG BAUNIR Í NÓATÚNI

Veldu réttu saltkjötsbitana í glæsilegu kjötborði Nóatúns



Nóatúns saltkjöt,  
blandað

**1599** kr./kg

Heitur matur,  
Baunasúpa

**469**  
kr./skammturinn



Bestir  
í kjöti



Nóatúns saltkjöt,  
valið

**2399** kr./kg

Nóatúns saltkjöt,  
saltminna

**2499** kr./kg



**25%**  
afsláttur

Ferskur ananas

**299** kr./kg  
~~399~~ kr./kg



Ostakaka með  
bláberjum

**1199** kr./stk.  
~~1307~~ kr./stk.



**26%**  
afsláttur

Bláber, 500 g

**1399** kr./pk.  
~~1899~~ kr./pk.



**17-20%**  
afsláttur

Kjötfars, nýtt,  
saltað og sælkera

**699** kr./kg  
~~845~~ kr./kg



Myllu rjórabollur,  
2 stk. í pakka

**569** kr./pakka



Heitur matur,  
Saltkjöt

**2798**  
kr./kg

**HEITUR MATUR**  
Saltkjöt og baunir á sprengidag  
í kjötborði Nóatúns

**NÓATÚN**

Austurveri

Alla  
daga **8-20**





www.dacia.is

# DACIA DUSTER

Fjór hjóladrífinn, dísil

ÁREIÐANLEGUR - HAGSTÆTT VERÐ - ÖFLUGUR Í TORFÆRUM  
SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU

Nú með íslensku leiðsögukerfi og 7 tommu snertiskjá



Verð kr.

# 3.990 þús.

Eyðsla í blönduðum akstri 5,3 L/100 km\*

Hlaðinn staðalbúnaði m.a.: Bakskynjari, leðurstýri, hæðarstilling á stýri, loftkæling AC, útvarp-CD með 4 hátölurum, USB og MP3 tengi, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, samlitir stuðarar og hurðarhúnar, litaðar rúður, svart „Compass“ tauáklæði, 1/3 - 2/3 niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á öikumannssæti, geymsluhólf í framhurðum, kortavasar á framsætum, ABS-hemlakerfi, 6 loftpúðar, hæðarstilling á sætisbeltum, forstrekkjarar á sætisbeltum, ISOFIX barnastólafestingar, ESC stöðugleikastýring, fjarstýrðar hurðarlæsingar, barnalæsingar á afturhurðum, ræsivörn, varadekk, sex aðgerða akstursthöfva, þokuljós að framan, rafknúnir speglar, dagljósabúnaður, aðgerðahnappar í stýri, rafknúnar rúður, lesljós við framsæti.

\*Miðað við uppgæfnaðar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.



**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

## Ástand heimsins



1

2



**1. Ungur sýrlenskur strákur gæðir sér á nesti við landamæri Tyrklands. Þúsundir flóttamanna komu að landamærum Tyrklands um helgina eftir árás sýrlenska stjórnarhersins á Aleppo.** NORDICPHOTOS/AFP

**2. Jesúlíkneski er úðað með eitri til að takast á við moskítóflugur í Hondúras. Búið er að lýsa yfir neyðarástandi í Hondúras af ótta við dreifingu zika-veirunnar.** NORDICPHOTOS/AFP

**3. Slökkviliðsmaður í Tainan á Taivan tekur sér pásu frá björgunaraðgerðum. 26 manns létust í jarðskjálfta sem reið yfir eyjuna um helgina og óttast er að tala látinna muni hækka.** NORDICPHOTOS/AFP

**4. Almennigur í Norður-Kóreu fagnar því að stjórnvöld skutu á loft langdrægri eldflaug sem talið er að geti borið kjarnorkuvopn. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fundaði í gær vegna eldflaugarskotsins.** NORDICPHOTOS/AFP

**5. Liðsmenn Pegida-hreyfingarinnar handteknir vegna mótmæla í Calais í fyrradag. Pegida-meðlimirnir mótmæltu því sem þeir telja vera íslamsvæðingu Evrópu.** NORDICPHOTOS/AFP

3



4



5





# Audi A3 e-tron

## Sameinar tvo heima.

Audi A3 e-tron sameinar helstu kosti raf- og bensínbíla. Raforkan ein og sér dugar í flestar ferðir innanbæjar, eða allt að 50 kílómetra. Í lengri ferðum gengur sparneytin bensínvél til liðs við e-tron rafdrifið svo samantöð akstursdrægni er 940 kílómetrar. Með Audi A3 e-tron eru þér allir vegir færir.

A3 Sportback e-tron, 204 hö, 7,6 sek 0-100 km/klst.,  
CO<sub>2</sub> 35 g/km, eyðsla: 1,5 l. í blönduðum akstri.  
Verð frá 5.190.000 kr.













### Skref fyrir skref

Mörgum reynist erfitt að baka vatnsdeigsbollur enda eiga þær það til að falla. Hjúkrunarfræðingurinn Ragna Björg Ársælsdóttir lumar á nokkrum góðum bolluráðum. **SÍÐA 2**

# TÖLUM SAMAN UM STEDUM

**STEDUM KYNNIR** Það sést hvar starfsfólk Stedum hefur verið að verki enda vinnur einungis fagfólk sem elskar að nostra við heimili og vinnustaði hjá fyrirtækinu. Starfsfólk Stedum veitir sérsníðna þrífjónustu í heimahúsum.

Hreingerningafyrirtækið Stedum varð til vegna loforðs sem eigandi og framkvæmdastjóri þess, Camelia Boby, gaf sjálfri sér. „Ég ætlaði mér alltaf að gera eitthvað sem gerði fólk hamingjusamara. Ég vissi ekki nákvæmlega hvað það ætti að vera en ég vissi að það yrði að vera eitthvað sem ég elska að gera, eitthvað sem er fallett og endist,“ segir Camelia og brosir.

Eftir að hafa unnið við hreingerningar í nokkur ár varð Cameliu ljóst að henni fannst gaman að fá jákvæð viðbrögð fólks við vel unnum störfum. „Það er gott að finna að starf manns geri fólk ánæggt og fái það til að brosa þegar það kemur heim á hreint og fallett heimili sitt eða vinnustað. Það er líka gott að fá þakkir frá fólki fyrir vel unnin störf.“

Camelia segir fyrirtækið vera eins og barn sem vaxi og dafni í anda virðingar fyrir fólki, heimilum þess og vinnustöðum. „Ég vona að það þroskast og þróist í heimi sem þarfnað þrifa, í öllum skilningi þess orðs,“ segir Camelia glöð í bragði.

Hún bætir við að sig langi til að fyrirtækið eigi sinn þátt í að auka andlega vellíðan viðskiptavina þess þegar þeir snúi heim í hreint hús eða komi til vinnu í hreint og notalegt umhverfi. „Ég valdi og þjálfaði starfsfólk sem hefur sömu markmið og gildi og ég hef og held að ég hafi fulla ástæðu til að vera ánægð með störf þess. Ég hef þá trú að þrifa okkar séu betri en fólk á almennt að venjast. Við veitum smáatriðum mikla athygli sem hafa svo mikið að segja og eru þau mikilvægur þáttur í okkar starfi. Það sést greinilega hvar við höfum verið að verki.“

Starfsfólk Stedum veitir sérsníðna þjónustu sem fellur að kröfum hvers viðskiptavinar hvort sem um er að ræða almenn þrif, þvott, skipti á rúmfötum eða þrif á ofnum, ísskápum eða gluggum. „Við notum annars vegar þær

” Við þykjumst þó ekki vera fullkomin en við ábyrgjumst að verkið sé unnið vel, af alvöru og fagmennsku.

Camelia Boby

hreinlætisvörur sem viðskiptavinir okkar óska eftir eða þær sem mælt hefur verið með við okkur með samþykki hvers viðskiptavinar,“ útskýrir Camelia.

Stedum hefur aðallega þjónustað viðskiptavina á Reykjavíkursvæðinu en hefur einnig tók á að taka að sér verkefni í nágrenna-sveitarfélögum. Yfirleitt fara þrifa í heimahúsum fram um eftirmiðdaginn en það getur verið samningsatriði. „Okkur finnst mikilvægt, sérstaklega í heimaþrifum, að fólk komi heim og sjái þá greinilega hvað það er að borga fyrir. Því viljum við frekar þrifa þegar enginn er heima.“

Camelia nefnir þó að það sé sjálfsagt að starfsfólk Stedum aðlagi störf að þörfum viðskiptavina sinna og geti því komið á öðrum tímum.

„Við störfum eftir þeirri meginreglu að „vinna okkar verk vel eða sleppa því annars“. Við þykjumst þó ekki vera fullkomin en við ábyrgjumst að verkið sé unnið vel, af alvöru og fagmennsku,“ segir Camelia og nefnir að slagorð fyrirtækisins sé LET US DO IT! Eða láttu okkur gera það!

Nánari upplýsingar um Stedum má fá í síma 661-6412 eða í tölvupósti, [cami@stedum.is](mailto:cami@stedum.is).



Camelia Boby er stofnandi og eigandi hreingerningafyrirtækisins Stedum. MYND/ANTON

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík S: 58 58 900. [www.jarnogler.is](http://www.jarnogler.is)

**TUDOR RAFGEYMAR**

STERKIR **TUDOR** rafgeymar í alla atvinnubíla.

**TUDOR SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · [skorri.is](http://skorri.is)

# FRÉTTABLAÐIÐ

# 59,9%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.\*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.

59,9% lesa Fréttablaðið

29,9% lesa Morgunblaðið



Gullfallegar vatnsdeigsbollur að hætti Rögnu Bjargar Ársælsdóttur.



1. Setjið smjörlíki og vatn saman í pott.



2. Þegar suðan er að koma upp og smjörlíkið er bráðnað, setjið þá hveiti og salt út í og hrærið saman.



3. Svona verður deigið eftir smá stund.



4. Setjið eggin í aðra skál og sláið þau í sundur. Þeytið eggin saman við deigið í 3-4 skömmtum með handþeytara í pottinum.



5. Gott er að nota sprautupoka án stúts til að sprauta deiginu á smjörpappír eða tvær matskeiðar.



6. Sprautið deiginu á plötu og hafið ágætt pláss á milli, þær þenjast vel út. Það þarf að ýta toppunum aðeins niður svo þeir verði ekki of brúnir.

## BESTA RÁÐIÐ AÐ BAKA NÓGU LENGI

**Vatnsdeigsbollubakstur** getur vafist fyrir færustu töframönnum í eldhúsinu. En þó hægt sé að kaupa dýrindis rjómbollur um allan bæ er dagurinn í dag sá rétti til að reyna við vatnsdeigsbolluna heima.

Ragna Björg Ársælsdóttir hjúkrunarfræðingur heldur úti matarblogginu ragna.is og gefur þar bæði uppskrift og greinargóðar leiðbeiningar við vatnsdeigsgerð. Galdurinn við að baka þær er að hafa 200°C heitan ofn, alls ekki kaldari en það, ekki opna ofninn fyrr en bollurnar eru farnar að brúnast og aðal trikkið er að baka þær nógu lengi.“



Ragna Björg Ársælsdóttir heldur úti girnilegu matarbloggi.

**VATNSDEIGSBOLLUR**  
ca. 13-15 bollur að meðalstærð

160 g smjörlíki  
4 dl vatn  
200 g hveiti  
4 meðalstór egg  
¼ tsk. salt

Smjörlíki og vatn er hitað saman í potti þar til smjörlíkið er bráðið og blanda er komin að suðu.

Hrærið hveiti og salti saman við með sleif þar til blanda er orðin að samfelldu deigi.

Látið blönduna kólna í 4-5 mínútur og notist þá við handþeytara og þeytið eggin saman við (sláið þau fyrst í sundur í skál) í 3-4 skömmtum þar til að blanda er orðin að sléttu deigi sem helst vel á skeið. Setjið deigið á plötu klædda bökunarpappír með þeirri aðferð sem þið kjósið (sprautupoka með stút eða ekki eða 2 skeiðum) og bakið þetta við 200°C í 30 mínútur eða þar til þær eru orðnar vel karamellubrúnar að lit (þær eru ekki tilbúnar þegar þær eru orðnar hálfbrúnar en eru enn ljósar í skorunum, bollurnar þurfa allar að taka á sig lit)

Látið kólna og setjið fyllingu að vild [www.ragna.is](http://www.ragna.is)

Skv. prentmiðlakönnun Gallup, okt.–des. 2015.



Allt sem þú þarft ...

## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 • [landmark.is](http://landmark.is)

**Landmark leiðir þig heim!**



Magnús Einarsson  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 896 2312



Sveinn Eyland  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 690 0820



Íris Hall  
Löggiltur  
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen  
Sölustjóri  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
Sími 770 0309



Egbert Mariúson  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
Sími 690 1472



Guðrún Dilljá  
Lúdviksdóttir  
skjalagerð



Benedikt Ólafsson  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
Sími 661 7788



Nadía Katrín  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
Sími 692 5002



Kristján Ólafsson  
Hrl og Lögg. Fast.



Helga Snorradóttir  
Skjalavinnsla

  
**FASTEIGNASALAN BÆR**  
[www.fasteignasalan.is](http://www.fasteignasalan.is)

Vantar allir gerðir eigna á söluskrá

Veldu þinn fasteignasala  
á [fasteignasalan.is](http://fasteignasalan.is)

"Gakktu í Bæinn"

Ögurharf 6 203 Kópavogur | Austurvegur 6, 800 Selfoss | Akureyri  
Sími: 512 3400 | Fax: 517 6345 | [allir@fasteignasalan.is](mailto:allir@fasteignasalan.is)



Nýtt fjölbylishús í Grafarvogi. Lúxusíbúðir með sérsníðnum innréttingum.

## Nýjar lúxusíbúðir í Grafarvogi

Trausti fasteignasala ehf., sími: 546-5053 kynnis glæsilegar 3ja herbergja lúxusíbúðir í 10 íbúða fjölbylishúsi í grónu hverfi í Grafarvogi. Íbúðirnar eru með séringangi ásamt geymslu í kjallara. Einkabilastæði fylgir hverri íbúð.

Allar innréttingar í íbúðunum eru sérsníðaðar og sömuleiðis

innihurðir. Hjónaherbergi með sér baðherbergi og fataherbergi. Rúmgott svefnherbergi. Steinplötur í eldhúsi og baðherbergjum. Gólfhiti með hitastýringu frá Danfoss. Vönduð eldhús- og hreinlætistæki. Tvö baðherbergi í íbúðinni. Innföld lýsing í eldhúsi, gangi og forstofu. Þvottahús er innan íbúðar með innréttingu og flísalagt.

Endaíbúðir með 3 svölum/veröndum. Aðrar íbúðir með 2 svölum/veröndum. Hitalögn

í helstu gönguleiðum og bílastæðum. Stærð íbúða frá 141,5 fm til 144,2 fm.


Um er að ræða nýbyggingu í grónu hverfi í Rimahverfinu í Grafarvoginum. Öll þjónusta er í göngufæri – verslanir, íþróttir, heilsugæsla og golfvöllur. Mikil nánd við náttúruna.

**Bókið skoðun hjá Kristjáni Baldurssyni hdl. og löggiltum fasteignasala í síma 8673040 eða Guðbjörgu G. Sveinbjörnsdóttir löggiltum fasteignasala í síma 8995949**



Háholt 14, Mosfellsbær  
Sími: 588 5530 • [berg@berg.is](mailto:berg@berg.is) [www.berg.is](http://www.berg.is)  
GSM 897 0047

Pétur Pétursson  
lögg. fasteignasali  
[Petur@berg.is](mailto:Petur@berg.is)

 **heimili**  
fasteignasala  
- á traustum grunni

lögg. fasteignasali   lögg. fasteignasali   lögg. fasteignasali   Lögræðingur   lögg. fasteignasali   lögg. fasteignasali   lögg. fasteignasali   lögg. fasteignasali

[Finndu okkur á Facebook](#)



**FASTEIGNA  
MARKAÐURINN** ehf.



**Jón Guðmundsson**  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**  
Sölumáður  
gisli@fastmark.is



**Heimir Fannar Hallgrímsson**  
hdl. og lögg. fasteignasali  
heimir@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**  
Lögg. fasteignasali  
magnus@fastmark.is



**Hallveig Guðadóttir**  
Skrifstofustjóri  
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Garðatorg 7 - Garðabæ. Glæsileg 4ra herbergja íbúð.



**LAUS STRAX**

Mjög góð og vel innréttað 135,6 fm. íbúð á 2. hæð auk 2,6 fm. geymslu í mjög góðu og vel staðsettu lyftuhúsi við Garðatorg. Bílastæði í bílakjallara fylgir íbúðinni. Rúmgóð setu- og borðstofa með útbýggðum bogadregnum glugga og útgengi á svalir til suðurs. Opið eldhús með glæsilegum innréttingum úr kirsuberjavíði. Þvottaherbergi og geymsla innan íbúðar. Svalir til suðurs með útsýni að Reykjanesi.

<Virilega falleg eign á góðum stað í miðbæ Garðabæjar þaðan sem mjög stutt er í alla þjónustu.

**Verð 52,9 millj.**

### Kirkjulundur - Garðabæ. 2ja herbergja.



2ja herbergja 78,7 fm. íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi fyrir eldri borgara.

Útgangur er úr stofu á svalir til suðvesturs með náttúrugrjóti. Útsýnis nýtur úr stofu. Sér geymsla á jarðhæð fylgir íbúðinni og bílastæði í bílakjallara. Samkomusalur með eldhúsaðstöðu og snýrtingum og íbúar hússins hafa aðgang að.

Stutt í þjónustu svo sem heilsugæslu, bókasafn, apótek, bæjarskrifstofur og matvöruverslun.

**Verð 31,0 millj.**

### Klapparstígur. 4ra herbergja útsýnisíbúð á tveimur hæðum.



Vel skipulögð og björt 100,4 fm. íbúð á tveimur hæðum auk rislofts og sér bílastæðis í bílageymslu á einstökum útsýnisstað við Klapparstíg.

Tvennar svalir svalir, til austurs og suðurs. Gólfisíðir gluggar í stofum. Íbúðin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð á sl árum, m.a. allar innihurðir, baðherbergi og gólfefni að hluta.

Glæsilegt sjávarútsýni úr stofum og af austursvölum.

**Verð 55,0 millj.**

### Brautarholt. Glæsileg „þakíbúð“ með stórum þakgarði.



Afar glæsileg 140,1 fm. „þakíbúð“ með 79,6 fm. þakgarði með morgun og kvöldisól við Brautarholt. Íbúðin er öll arkitektahönnuð að innan á afar smekklegan og vandaðan máta. Sér bílastæði er í afgirtu port í bakklóð hússins. Íbúðin er mjög björt með gólfisíðum gluggum að stórum hluta og aukinni loft-hæð. Samliggjandi stórar stofur með arni og útgangi á svalir. Glæsilegt baðherbergi. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar eru úr hnotu að stórum hluta. Hnotuparket og ítalskur ljós marmari er á gólfum.

**Verð 75,0 millj.**

### Pingholtsstræti. Glæsileg húseign.



Afar fallegt og virðulegt 198,0 fm. einbýlishús, sem skiptist í kjallara, tvær hæðir og ris.

Eignin hefur öll verið endurnýjuð hið innra á afar vandaðan og smekklegan máta á sl. árum og er í mjög góðu ástandi. Baðherbergi eru vönduð, sem og eldhúsinnréttingar og tæki. Tvennar svalir, bæði úr stofum og hjónaherbergi með fállegu útsýni. Húsið að utan er með timburklæðingu á vestur- og norðurhlíð en bábúrjárnklætt að öðru leyti, nýlega málað. Lóðin er nýlega hellulögð og með hitalögnum undir. Bílastæði er við húsið.

**Verð 91,9 millj.**

### Ekrusmári - Kópavogi. Frábær staðsetning.



Virilega fallegt og vel staðsett 6 herbergja 289,6 fm. einbýlishús á frábærum útsýnisstað að meðtöldum 31,0 fm. innbyggðum bílskúr. Mjög mikil lofthæð er á allri efri hæð hússins. Húsið stendur innst í götu við opið svæði og mikils útsýnis nýtur úr stofum og eldhúsi á efri hæð að Esju, Snæfellsjökli, Álftanesi, Gróttu og víðar. Mikil lofthæð í stofum. Opið stórt eldhús.

Staðsetning eignarinnar er afar góð innst í botngötu við opið svæði og stutt er í skóla, leikskóla, íþróttasvæði og alla aðra þjónustu.

**Verð 78,9 millj.**

### Háholt - Garðabæ. Einbýlishús á útsýnisstað.



Fallegt einbýlishús á þremur þöllum og með glæsilegu útsýni. Eignin stendur efst í Hnoðraholti í Garðabæ og er samtals 294,9 fm. og þar af er 66,9 fm. bílskúr. Húsið hefur verið mjög vel við haldið í gegnum árin og var allt málað að utan fyrir tveimur árum. Stofa/borðstofa er stór með mikilli lofthæð. Setustofa með fallegri kaminu. Útgengt er út á stóran pall sem snýr til suðurs. Af garði tekur við óspillt náttúran. Stór og mikill skjólgóður timburpallur liggur við suður og austurhlíð hússins. Gólfvöllur, Heiðmörk og Vífilsstaðavatn er í göngu-fjarlægð.

**Verð 73,9 millj.**

### Búðavað. Parhús á frábærum stað.



Virilega fallegt og vandað 246 fm. parhús á tveimur hæðum með aukaíbúð á jarðhæð. Að innan er eignin virilega vönduð með sérsmiðuðum innréttingum, gólfhita, mikilli lofthæð og innbyggðri lýsingu í stóra hluta lofta. Að utan er húsið í góðu ástandi, staðsteypt og byggt úr vönduðum byggingarefnum. Lóðin er fullfrágengin með hellulagðri stétt og innkeyrslu fyrir framan húsið og stórir harðvöðvarverð til suðurs neðan við hús.

Gríðarlega falleg staðsetning þar sem mjög mikils og fallega útsýnis nýtur yfir Elliðaivatnið, til fjalla og víðar.

**Verð 84,9 millj.**

# LUNDUR 17 - 23, KÓPAVOGI.

NÝ OG GLÆSILEG FJÖLBÝLISHÚS.

Mjög vandaðar og glæsilegar íbúðir í nýjum fjölbýlishúsum. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja og eru frá 98 fm. upp í 183 fm. Allar innréttingar verða frá Brúnás, eikarhurðir frá Párka. Vönduð eldhústæki frá AEG og hreinlætistæki. Íbúðirnar eru afhentar án gólfefna nema á baðherbergi og í þvottahúsi verða flísar. Íbúðir í Lundi 17-23 verða afhentar á tímabilinu jan-júní 2016. Innréttingar eru sérsmiðaðar, en óski kaupandi eftir breytingum þurfa slíkar óskir að koma fram tímanlega.

Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.

# VINDAKÓR 10 – 12, KÓPAVOGI.

NÝJAR 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.



- Glæsilegt fjölbýlishús við Vindakór 10 – 12 í Kópavogi.
